

Innheimta stöðuleyfisgjalda vegna gáma

Rafrænn fundur, 11. nóvember 2020

2020

ÁR NÝSKÖPUNAR



Dagskrá fundarins

- Fundarstjóri: Steinunn Pálmadóttir, lögfræðingur SI
- Innheimta stöðuleyfisgjalda vegna gáma og forsaga málsins
 - Björg Ásta Þórðardóttir, yfirlögfræðingur SI
- Umfjöllun um nýfallinn úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 34/2020 um stöðuleyfisgjald
 - Jón Auðunn Jónsson, hrl.
- Umræður og spurningar



Hvað eru stöðuleyfi?

- Krafa um öflun leyfis til að láta tiltekna lausafjarmuni standa;
 - Lengur en tvo mánuði
 - Utan skipulagðra svæða fyrir slíka hluti
- Hvaða munir:
 - Gámar, bátar, torgsöluhús, stór samkomutjöld og þess háttar.
- Hvað kostar leyfið:
 - Byggist á gjaldskrá sveitarstjórna fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa
 - Gjaldið skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni.
 - Byggist á rökstuddri rekstraráætlun.

6. tl. 60. gr.
mvl.

51. gr. mvl.

Markmið stöðuleyfa

- Markmiðið kemur hvergi fram í lögum, reglugerðum eða lögskýringargögnum
- Markmið laga um mannvirki nr. 160/2012:
 - Tryggja öryggi og hollustuhætti
 - Vernd umhverfis
- Reglugerðarheimild 6. tl. 60. gr. mvl. Vísar til öryggi og hollustuhátta, sbr.:
 - „Í reglugerð skal kveðið á um atriði sem varða **öryggi og hollustuhætti** vegna þessara lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.“



Nánari skilyrði í byggingarreglugerð nr. 112/2012

Ákvæði 2.6.1 og 2.6.2


- Umsókn um stöðuleyfi skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar
- Fylga þarf samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirra lóðar sem munur á að standa á auk uppdráttu og annarra gagna
- Lausafjármuni á að staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki stafi af þeim brunahætta
- Hreinlætisaðstaða í og við lausafjármun skal uppfylla ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnariar o.fl.
- Stöðuleyfi veitt mest til 12 mánaða í senn nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað
- Má fjarlægja lausafjármuni ef:
 - Þeir eru staðsettir án stöðuleyfis
 - Handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í gr. 2.6.1 eða önnur skilyrði stöðuleyfis
 - Þarf að gæta að lögbundnum málsmeðferðarreglum

Nánari skýring í leiðbeiningum HMS

- Ákvæði um stöðuleyfi ná bara til þeirra lausafjármuna sem taldir eru upp í gr. 2.6.1
 - Nær ekki til gámahúsa
- Krafa um stöðuleyfi takmarkast við að lausafjármunir standi lengur en tvo mánuði á sama stað
- Ekki þarf að sækja um stöðuleyfi á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð til geymslu slíkra muna
 - Ekki þarf t.d. að sækja um stöðuleyfi fyrir gáma á skipulögðum gámasvæði eða báta á hafnarsvæðum.
 - Sé gerð grein fyrir geymslusvæðum fyrir gáma á lóð skv. lóðaruppdrætti mannvirkis sem hefur verið samþykktur og samræmist gildandi skipulagsáætlunum þá telst svæðið sérstaklega skipulagt til geymslu gáma í skilningi ákvæðisins.
 - *„Sem dæmi má nefna að oft standa gámar á iðnaðarlóðum og eru nauðsynlegur þáttur í þeirri starfsemi sem þar fer fram. Telja verður eðlilegt að ekki þurfi að sækja um stöðuleyfi vegna slíkra gáma ef búið er að gera grein fyrir geymslu svæði gáma á uppdrætti iðnaðarlóðar sem fengið hefur samþykki viðkomandi sveitarfélags.“*
- Innheimta gjalds skal bundin við að umsókn hafi borist um stöðuleyfi og leyfið veitt.
- Ef fleiri en einn lausafjármunur á einni lóð er gert ráð fyrir að gefið sé út eitt stöðuleyfi sem tekur til þeirra allra og miðast kostnaður við það, óháð fjölda lausafjármuna

Aðfinnslur við verklag sveitarfélaga

- **Allt frá árinu 2016** þegar Hafnarfjarðarbær samþykkir nýjar reglur um stöðuleyfi
 1. Rangt staðið að innheimtu stöðuleyfisgjalda af gámum
 - Útgáfa stöðuleyfis ekki undanfari innheimtu stöðuleyfisgjalda
 - Innheimt gjald óháð því hversu lengi gámar stóðu
 2. Röng túlkun bæjaryfirvalda á „svæðum sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna“
 - Iðnaðarlóðir með skipulögðu gámasvæði ættu að falla þar undir
 3. Gjaldskrá ólögmæt
 - Uppfyllti ekki skilyrði laga um innheimtu þjónustugjalds
 - Innheimt per gám en ekki per leyfi eða innheimt per fermetra



Takk fyrir

2020

ÁR NÝSKÖPUNAR

